

Smárit Íslenskrar málnefndar 3

Orðmyndun

Um leiðir til að auka íslenskan orðaforða

Ari Páll Kristinsson tók saman



Íslensk málnefnd

Reykjavík 2004

Orðmyndun

Um leiðir til að auka íslenskan orðaforða

Smárit Íslenskrar málnefndar:

1. Íslensk gjaldmiðlaheiti. Baldur Jónsson tók saman í samráði við Anton Holt, Ólaf Ísleifsson og Veturliða Óskarsson. Íslensk málnefnd. Reykjavík 1997.
2. Íslensk táknaheiti. Orðanefnd Skýrslutæknifélags Íslands tók saman. Íslensk málnefnd. Reykjavík 2003.
3. Orðmyndun. Um leiðir til að auka íslenskan orðaforða. Ari Páll Kristinsson tók saman. Íslensk málnefnd. Reykjavík 2004.

Smárit Íslenskrar málnefndar 3

Orðmyndun

Um leiðir til að auka íslenskan orðaforða

Ari Páll Kristinsson tók saman



Íslensk málnefnd

Reykjavík 2004

© 2004 Íslensk málnefnd
Prentun: Gutenberg
ISBN: 9979-842-49-0

Efnisyfirlit

Formálsorð
Til lesenda
Helstu orðmyndunarleiðir
I. Samsetning
II. Afleiðsla
Forskeyti
Viðskeyti
Viðskeyti til að búa til nafnorð
Viðskeyti til að búa til sagnorð
Viðskeyti til að búa til lýsingarorð
Breytileg hljóð í skyldum orðum
III. Orð fær nýja merkingu
IV. Erlent orð aðlagað
Heimildir

Formálsorð

Árið 1991 gaf Íslensk málstöð út *Leiðbeiningar fyrir orðanefndir*, höf. Ari Páll Kristinsson, Sigrún Helgadóttir og Sigurður Jónsson, fjölr. sem handrit. Í 3. kafla ritsins, sem Ari Páll Kristinsson samdi, bls. 45-60, var fjallað um íslenska orðmyndun, farið yfir leiðir til að auka íslenska orðaforðann og sýnd dæmi.

Hér hefur sá kafli verið tekinn til rækiegrar endurskoðunar og birtist nú sem sjálfstætt rit enda er umfjöllunin hér mun ýtarlegri en í útgáfunni 1991.

Hafa skal í huga að það sem hér fer á eftir er ágrípskennt yfirlit. Fjöldi erfiðra úrlausnarefna er í málinu og kemur til kasta orðasmiða að grafast fyrir um það í hverju tilviki hvaða orðmyndunaraðferð samræmist best sögu málsins og eiginleikum þess.

Enn fremur eru lesendur beðnir að athuga þá staðreynd að í eftirfarandi leiðbeiningarefni er leitast við að hagnýta málvísindi í þágu meðvitaðra orðmyndunarferla. Efninu er ekki ætlað að jafngilda vísindalegri grein um sjálfvirka orðmyndun, hugræna eiginleika hennar og annað slíkt.

Íslensk málstöð nýtur stuðnings úr tungutækisjóði menntamálaráðuneytis til að gefa út þessar orðmyndunarleiðbeiningar. Jafnframt styrkti sjóðurinn útgáfu sérstakra leiðbeininga um íðorðastarf sem eru íslensk þýðing á ritinu *Guide to terminology* eftir Heidi Suonuuti, Nordterm 8, 1997, en Íslensk málnefnd á íslenskan útgáfurétt að því riti sem aðili að norrænu íðorðasamtökunum Nordterm. Þær leiðbeiningar koma út sem Smárit Íslenskrar málnefndar 4 samhliða þessu riti um orðmyndun sem er hið þriðja í smáritaröðinni.

Bestu þakkir færi ég þeim sem hafa verið svo vinsamlegir að koma til mín athugasemdum við orðmyndunarkaflann í ritinu frá 1991 og eins þeim sem lásu yfir handritið að þessari útgáfu og gerðu gagnlegar athugasemdir. Leyfi ég mér að nefna sérstaklega þau Ágústu Þorbergsdóttur, Guðrúnu Kvaran, Kára Kaaber og Kristin Kristmundsson.

Ari Páll Kristinsson
Íslenskri málstöð

Til lesenda

Rétt er að áréttta eftirfarandi áður en lengra er haldið:

1) Hið fyrsta er að orðasmiðir láti aldrei orð frá sér fara án þess að hafa haft yfir með sjálfum sér alla beygingu þess. Þegar orð er beygt eftir því sem við á kemur í ljós hvort einhver eða einhverjar beygingarmyndir eru á einhvern hátt þannig að orðið hafi augljósa formgalla sem gera ólíklegt að það eigi sér framtíð meðal málnotenda.

Þegar fengist er við **nafnorð** getur verið um að ræða sextán form; **öll föll eintölu og fleirtölu, með og án greinis**. Oft eru þó orðmyndirnar færri því að sum orð eru aðeins notuð annaðhvort í eintölu eða fleirtölu og sum orð er ekki eðlilegt að nota með greini. Þá er og mikið um að beygingarmyndir séu eins frá falli til falls.

Lýsingarorð þarf yfirleitt að vera hægt að nota **í öllum kynjum, öllum föllum og báðum tölum, í veikri og sterkri beygingu**; fræðilega gætu 48 form verið til. Í reynd falla þau að miklu leyti saman.

Beyging **sagnorða** er talsvert frábrugðin beygingu fallorða án þess að farið verði út í smáatriði hér. Huga verður að:

persónum – 1., 2. og 3. persónu

tölum – et. og ft.

háttum – framsöguhætti, viðtengingarhætti, boðhætti, nafnhætti, lýsingarhætti
nú tíðar og lýsingarhætti þátíðar (sem þarf að vera hægt að beygja eins og lýsingarorð)

tíðum – nútíð, þátíð og samsettum tíðum

myndum – a.m.k. germynd og þolmynd

beygingartegundum – allt niður í undirflokkva veikrar og sterkrar beygingar

2) Gagnlegt er að semja eða þýða eitthvert samfelld mál þar sem nota þarf nýju orðin í eðlilegu samhengi.

3) Mjög ákjósanlegt er að bera nýju orðin, helst í eðlilegu textasamhengi, undir einn eða fleiri sem líklegir eru til að þurfa að nota orðin.

4) Orð, sem eiga með einhverjum hætti saman eða mynda einhvers konar kerfi, mega gjarna vera búin til með sama hætti eða hafa einhvern orðlið sameiginlegan.

5) Oft er gagnlegt að huga að því að nýtt orð sé þannig myndað að auðvelt sé að leiða af því aðrar myndir og samsetningar.

6) Í eftirfarandi köflum merkir hugtakið *stofn* þann hluta orðs sem beygingarendingar bætast við. Hugtakið *rót* vísar til smæsta orðhluta sem ber orðasafnsmerkingu. Þetta skýrist best með dæmum: Í orðunum *duglegur* og *dugnaðarkona* eru stofnarnir *dugleg-* og *dugnaðarkon-*. Ræturnar eru *dug-* og *-kon-*. Heildarmerking orðmynda er samsett úr merkingu rótar, viðskeytis og beygingarendingar. – Þessar útskýringar eru sóttar í *Handbók um málfræði* eftir Höskuld Þráinsson (1995) en þar er að finna skýringar á fjöldamörgum málfræðihugtökum.

Helstu orðmyndunarleiðir

Langflest ný orð í málinu eru nafnorð. Aðrir svokallaðir opnir orðflokkar eru einkum lýsingarorð og sagnorð.

Sagt er að orðflokkur sé opinn ef hægt er að bæta nýjum orðum í hann; lokaðir orðflokkar eru aftur á móti t.d. fornöfn, forsetningar og fleiri slíkir orðflokkar sem ekki taka við nýjum orðum.

Í því sem hér fer á eftir verður mest hugað að nafnorðum en minna fjallað um lýsingarorð og sagnorð.

Til að auka íslenska orðaforðann koma einkum eftirtaldar fjórar leiðir til greina:

I. samsetning

línurit, úr *lína* og *rit*
friðlýsa, úr *frið-* og *lýsa*
ráðagóður, úr *ráð* og *góður*

II. afleiðsla

fylgni, úr *fylg-* og viðskeytinu *-ni*
blíðka, úr *blíð-* og viðskeytinu *-ka*
jarðneskur, úr *jarð-* og viðskeytinu *-nesk*
gereyða, úr *eyða* og forskeytinu *ger-*
ofvirkur, úr *virkur* og forskeytinu *of-*

III. orð fær nýja merkingu

skjár, orðið fékk nýja merkingu í sambandi við sjónvarp og tölvur
uppistand, orðið fékk nýja merkingu í sambandi við skemmtiatriði
vafra, orðið fékk nýja merkingu í sambandi við flakk á milli vefsíðna

IV. erlent orð er aðlagð

skanni, sbr. e. *scanner*
skanna, sbr. e. *scan*

I. Samsetning

Samsetning er algengasta aðferðin við gerð nýrra orða í íslensku: tveir eða fleiri orðstofnar eru tengdir saman til að mynda nýtt orð

sjónvarp, úr sjón og varp

ljósmynd, úr ljós og mynd

Meðferð fyrri liðar í samsetningum er einkum tvenns konar

Þegar ætlunin er að búa til samsett orð, úr tveimur eða fleiri sem fyrir eru í málinu, verður að gæta vel að því hvernig farið er með fyrri liðinn. Málið er ekki alveg eins einfalt og dæmin *sjónvarp* og *ljósmynd* gætu bent til.

Hægt er að nota stofn fyrri liðar

sjón+varp, ljós+mynd, eld+hús, hest+hús o.s.frv.

eða hafa fyrri liðinn í eignarfalli eintölu

sjónar+hóll, elds+voði o.s.frv.

eða hafa fyrri liðinn í eignarfalli fleirtölu

ljósa+meistari, hesta+maður o.s.frv.

Samsetning eins og *sjón+varp* er kölluð stofnsamsetning en samsetningar eins og *sjónar+hóll* og *ljósa+meistari* eru kallaðar eignarfallssamsetningar.

Stofn nafnorðs fundinn

Karlkynsorð

Stofn karlkynsorða finnst venjulega með því að setja orðið í þolfall eintölu. Ef *a* er þar aftasti stafur verður þó að skera það af.

hestur (nf.), um *hest* (þf.); stofninn er *hest-* (sbr. stofnsamsetninguna *hesthús*)

sími (nf.), um *síma* (þf.), síðan er *a* skorið aftan af; eftir stendur stofninn *sím-* (sbr. stofnsamsetninguna *símstöð*)

Samsetningar þar sem fyrri liður er af sömu gerð og *sím-* (þ.e. án *-a*) eru reyndar ekki algengar.

Kvenkynsorð

Stofn kvenkynsorða er venjulega eins og orðið er sjálft í nefnifalli eintölu en ef orðið endar á *-a* telst sá stafur ekki með í stofninum.

skel (sbr. stofnsamsetninguna *skelfiskur*).

Þegar kvenkynsorð enda á *-a*, t.d. *gata* þar sem stofninn er *gat-*, er þó ekki venjan að mynda stofnsamsetningar heldur eignarfallssamsetningar, sbr. orðin *götusópari* og *gatnagerð*.

Hvorugkynsorð

Stofn hvorugkynsorða er oftast alveg eins og orðið er sjálft í nefnifalli eintölu. Í þeim örfáu hvorugkynsorðum, sem enda á *-a*, þarf að klippa það aftan af.

borð (sbr. stofnsamsetninguna *borðstofa*)

hjarta; *a* er klippt af, eftir stendur stofninn *hjárt-* (sbr. stofnsamsetninguna *hjártveiki*)

Eignarfall nafnorða fundið

Hægt er að setja forsetninguna *til* framan við orðið til að fá fram eignarfallsmynd.

hestur (nf.); til *hests* (ef. et.), til *hesta* (ef. ft.)

Oft er hægt að mynda tvenns konar eignarfallssamsetningar þótt fyrri liður geti talist vera sama orðið:

kúluvarp fyrri liður er **ef. et.** af orðinu *kúla*

kúlnahríð fyrri liður er **ef. ft.** af orðinu *kúla*

Eignarfall fleirtölu í íslensku endar alltaf á *-a*; í mörgum kvenkynsorðum og örfáum hvorugkynsorðum raunar á *-na*.

Ætti forliður í eignarfalli að vera í eintölu eða fleirtölu?

Þá meginreglu má hafa að nota frekar eignarfall eintölu þegar hvort tveggja virðist geta gengið miðað við merkingu orðsins.

fæðingarheimili – orðið er kennt við athöfnina í eintölu (það að fæða barn) en ekki einstök, afmörkuð tilvik (fæðingarnar)

fundarstjórar – í orðinu er miðað við þann verknað að stýra fundi, einum í einu

Ýmis orð eru ekki höfð í fleirtölu, a.m.k. ekki í sömu merkingu og í eintölu. Þegar slík orð eru fyrri liður í samsetningu kemur aðeins eignarfall eintölu til álita:

búnaðarsamband

rekstraröryggi

umferðarljós

Stundum þarf að hafa í huga að merking getur leitt til þess að forliður sé hafður í fleirtölu fremur en eintölu. Við segjum til dæmis að maður sé *hugmyndaríkur*, ekki „hugmyndarríkur“, enda finnst okkur það rökrétt úr því að orðið merkir að maðurinn sé ríkur að hugmyndum, fái margar hugmyndir. Annað áþekkt dæmi er *orðabók* en

ekki „orðsbók“ enda eru þar mörg orð. *Bókasafn* er af sama toga; ekki er ritað „bókarsafn“.

Mjög oft getur þó tala fyrri liðar ráðist af einhverjum atvikum, tilviljun eða hefð án þess að auðvelt sé að festa hendur á afdráttarlausum reglum eða röklegu samhengi. Ekki þarf að eiga fleiri en einn hest til að teljast *hestamaður*. *Folaldakjöt* getur verið af aðeins einu folaldi. *Barnaafmæli* er haldið á afmæli eins barns. Það að læra *læknisfræði* heitir öðru nafni að vera í *læknanámi*.

Yfirleitt er engin ástæða til að hafa forlið í fleirtölu þótt seinni liður sé í fleirtölu. Almenna reglan í íslensku er sú að tölubeyging kemur aðeins fram aftast í orðunum.

handarbak – forliður er *handar-*, ef. et. af *hönd*; fleirtala orðsins er *handarbök*

Óþarfi er að líta svo á að fleirtala í fyrri liðnum sé á einhvern hátt rökréttari en eintala í slíkum tilvikum („þetta eru bók handanna, ekki handarinnar“) því að t.a.m. merkingarþátturinn „hönd“ kemur fram í forliðnum *handar-* en viðliðurinn *-bak/-bök* segir til um hvort handarbökin eru eitt eða fleiri.

Enda þótt það sem nú var lýst sé hin almenna regla eru þó til undantekningar frá henni. Þannig er talað um *mannsnafn* í eintölu en *mannanöfn* í fleirtölu. Ekki er gott að segja hvað þessu veldur og orðin *kvenmannsnafn* og *karlmannsnafn* haga sér samkvæmt almennu reglunni með tölubeygingu aftast í orði: *kvenmannsnöfn* og *karlmannsnöfn*.

Fáfarnari leið: tengistafssamsetning

Stofnsamsetningar og þó einkum eignarfallssamsetningar eru, eins og fyrr segir, aðalgerðir samsetninga en auk þeirra kemur ein gerð í viðbót fyrir í ýmsum orðum, sumum algengum. Þetta er svonefnd tengistafssamsetning þar sem á milli fyrri og síðari liðar er skotið einu hljóði sem telst til hvorugs orðstofnsins í nútímamáli og er ekki heldur ending fyrri liðarins í málvitund nútímamanna.

ráðunautur – úr *ráð* og *nautur*; tengistafurinn *u* (gömul fallending, Halldór Halldórsson 1950:197) virðist vera hafður til að liðka fyrir framburði á orðinu

leikfímishús – úr *leikfími* og *hús*; *s-ið* er tengistafur enda er fyrri liðurinn í ef. et. *leikfími* en ekki með *s*-endingu

bendiprik, *fellibylur*, *leiðitamur*, *leysiefni* – úr *benda*, *fella*, *leiða*, *leysa* og nafnorði; *i-ið* er upprunalega sagnviðskeyti enda eru sagnir í þessum flokki nefndar *ia*-sagnir. Tengistafssamsetningar eru algengar af *ia*-sögnum en koma einnig fyrir af öðrum sögnum, sbr. *Dettifoss* (Halldór Halldórsson 1950:198).

Síðari liður varla eða ekki til sem sjálfstætt orð

Til er nokkur hópur orða þar sem síðari liðurinn er ekki til sem sjálfstætt orð heldur aðeins sem seinni liður samsetts orðs. Dæmi um þetta eru orð á borð við *geimfari*, *gestgjafi*, *blágresi*, *launþegi* þar sem síðari liðirnir tíðkast ekki einir og sér en virðast hafa sömu rætur og í orðunum *fara*, *gefa*, *gras*, *þiggja*. Fleiri dæmi: *einafari*, *heimskautafari*; *aflgjafi*, *ráðgjafi*; *grængresi*, *illgresi*; *farþegi*, *hjartaþegi*.

Talsvert er einnig um orðmyndun þar sem síðari liðurinn er út af fyrir sig þekktur sem sjálfstætt orð, t.d. skv. *Íslenskri orðabók* (2002), en með sérstaka merkingu sem getur verið nokkuð önnur en sú sem liðurinn hefur sem síðari liður í samsetningum. Dæmi um þetta eru t.d. *bréfberi*, *genberi*, *smitberi*; *djúphygli*, *hringhygli*, *kleyfhygli*; *bjórlíki*, *leðurlíki*, *smjörllíki*; *bifvélavirki*, *flugvirki*, *rafvirki*.

Lýsingarorðin *lægur*, „sem getur legið einhvers staðar“, *laus*, „án einhvers“, sbr. orðasambandið *laus við eitthvað*, og *vænn*, „góður“, eru þekkt sem sjálfstæð orð. Þótt merkingin sé ekki fjarlæg minnir orðmyndun í orðum á borð við *hlutlægur*, *vestlægur* o.fl., *hlutlaus*, *rafmagnslaus* o.fl. og *vistvænn* o.fl. svolítið á nafnorðadæmin sem nefnd eru hér á undan.

Hvað varðar sagnir þá jaðrar einnig við þetta í orðmyndun með t.a.m. liðnum *-bæna* í sögnum á borð við *grátbæna*, *sárþæna* (enda þótt *bæna* komi fyrir sem sjálfstætt sagnorð) og e.t.v. er þetta einnig áþekkt orðmynduninni með *-væða* sem oft er gripið til, sbr. *iðnvæða*, *tölvuvæða* o.s.frv. (orðið *væða* merkir upprunalega „klæða í“ og er skylt orðinu *vod*).

Mörk sumra liða af þessu tagi, t.d. *-líki*, *-laus*, og viðskeyta (sjá hér á eftir) eru fjarri því að vera alltaf ljós.

Hvaða samsetningarleið á að velja?

Hvort á að setja nýtt orð saman þannig að fyrri hlutinn sé stofn eða eignarfall? Best er að taka mið af hliðstæðum orðum eða hefð og láta máltilfinningu ráða. Tvær staðreyndir er auk þess gott að hafa í huga:

stofnsamsetningar koma til greina ef fyrri liðurinn er ósamsett orð

eignarfallssamsetningar eru miklu algengari en stofnsamsetningar

Sýnt hefur verið fram á (Baldur Jónsson 1984) að þegar fyrri liður í samsetningu er sjálfur samsetning verði nýja orðið langoftast eignarfallssamsetning (líklega í um 95% tilvika) en stofnsamsetningar eru mjög fátíðar í slíkum tilvikum (e.t.v. um 3%). Tengistafssamsetningar og sérstök dæmi, sem ekki er hægt að fella undir neinn hatt hér, lætur nærri að séu 2% tilvika.

efnahagsaðgerð, úr *efnahagur* og *aðgerð*
umferðarljós, úr *umferð* og *ljós*

Fyrri liðirnir eru greinilega sjálfir samsettir, *efni+hagur* og *um+ferð*, og nýju orðin verða eignarfallssamsetningar með fyrri liðina *efnahags-* og *umferðar-*.

Ekki virðist skipta máli hvort seinni liður samsetningarinnar er sjálfur ósamsettur (*ljós*) eða samsettur (*aðgerð*).

Málnotendur finna strax að stofnsamsetningar á borð við „umferðljós“ og „efnahagaðgerð“ gætu ekki gengið.

Kvenkynsorð, sem enda á *-ing*, eru algeng sem fyrri liður og þau virðist vera illmögulegt að hafa öðruvísi en í eignarfalli í samsetningum:

sýningarstjóri, reykingabann – ekki „sýningstjóri“, „reykingbann“

Sama er að segja um kvenkynsorð sem enda á *-un* og hvorugkynsorð sem enda á *-i*:

verslunarmaður, sæðisbanki – ekki „verslunmaður“, „sæðibanki“

Þegar ósamsettur fyrri liður er fleiri en eitt atkvæði virðist eignarfallssamsetning því vera hin reglulega orðmyndunaraðferð þótt stofnsamsetningar geti einnig komið fyrir, sbr. *morgunmatur*.

Hljóðasambönd

Gott að að reyna að hindra eftir því sem unnt er að óþægileg samhljóðasambönd komi fram á liðamótum samsettra orða. Stofnsamsetta orðið *fiskbúð* er að þessu leyti betra en eignarfallssamsetningin „fisksbúð“ væri.

Um merkingarlegt samband liða í samsettum orðum

Engin skotheld regla er til um röklegt samband fyrri og síðari liðar í samsetningum. Þó er óhætt að segja að yfirleitt þrengi fyrri liður merkingu síðari liðar eða skýri hana nánar. Því fer samt fjarri að merkingartengsl liðanna séu alltaf sams konar.

Lítum á eftirtalin dæmi um forliðinn *barna-* og athugum merkingarlegt samband hans við **seinni liðinn** í samsetningunum:

<i>barnaskóli</i>	„skóli handa börnum“
<i>barnabarn</i>	„barn barns“
<i>barnalæknir</i>	„læknir sem er sérfróður um börn“

Hér má sjá að tengsl fyrri liðarins við síðari liðina, *-skóli*, *-barn* og *-læknir*, eru breytileg frá orði til orðs.

Af eftirfarandi dæmum er enn fremur ljóst að merkingarsamband þessara sömu síðari liða við aðra mismunandi **fyrri liði** í samsetningum er býsna breytilegt:

<i>barnaskóli</i>	--	<i>kvöldskóli</i>
<i>barnabarn</i>	--	<i>undrabarn</i>
<i>barnalæknir</i>	--	<i>þyrlulæknir</i>

Þegar gerð eru ný, samsett orð og menn velta fyrir sér merkingarlegu sambandi fyrri og síðari liðar er brýnt að leita fyrirmynda meðal þeirra orða sem fyrir eru.

Til eru orðin *móðurtölva* og *móðurfyrirtæki* og þess vegna væri eðlilegra að nota liðinn *móður-* ef nýtt orð væri búið til sem táknaði samband yfirhugtaks og undirhugtaks en að taka upp á því að nota liðinn *föður-* í því sambandi enda þótt orðin *móðir* og *faðir* hafi hliðstæða merkingu.

Ef engar fyrirmyndir koma í hugann eða finnast í orðasöfnum verður máltilfinning orðasmiðs að ráða. Gott er að ráðfæra sig við sem flesta málnotendur til að kanna hvernig orðið fellur þeim í geð og hvaða augum þeir líta merkingarvensl einstakra liða þess.

Um lengd samsettra orða

Stundum er því haldið fram að samsettum orðum hætti til að vera löng og stirðbusaleg og séu af þeim sökum óheppilegri en ósamsett (einföld eða afleidd) orð. Ekki er þó rétt að gera of mikið úr ókostum samsettra orða eða of mikið úr kostum hinna ósamsettu. Stór hluti daglegs orðaforða okkar er samsett orð (*eldhús, símaskrá, ráðherra, leigubíll* o.s.frv.). Vissulega geta ósamsett orð hitt vel í mark til að lýsa merkingu hugtaks en oft háttar svo til að auðveldara reynist að búa til tiltölulega gagnsætt orð með samsetningu.

ráðgjöf „það að gefa ráð“
fjölskylduráðgjöf „það að gefa ráð um mál fjölskyldna“

Það auðveldar skilning á hvers konar textum ef ný orð fela í sér „drög að skilgreiningu“ á hugtökunum sem þau tákna. Þetta á gjarna við um samsett nýyrði.

Þegar samsett orð er notað sem efniviður í nýtt, samsett orð (*segulband* í *myndsegulband*; *útlarp* í *útlarpstæki*) er einhver hluti hins nýja orðs stundum felldur niður; oftast innan úr miðjunni: *myndsegulband* verður *myndband*; sjaldnar aftan af: *útlarpstæki* verður *útlarp*. Í dæmum sem þessum eru felldir niður einn eða fleiri liðir úr nýja orðinu án þess að það komi svo mjög niður á gagnsæi þess.

Athugun Magnúsar Snædals (1992) leiddi í ljós að íslensk orð eru helst ekki lengri en átta atkvæði (*menntamálaráðuneyti, pípulagningameistari*); níu atkvæða orð (*bókaútgáfufyrirtæki, efnahernaðartilraunastöð*) heyra til undantekninga og tíu atkvæða orð (*utankjörstaðaratkvæðagreiðsla, atvinnuleysistryggingasjóður*) til algerra undantekninga; tólf atkvæði (*lýsergíðsýrutvíetýlamýðtartrat*) virðast vera ýtrasta hámarkslengd (1992:177-180, 205-206).

Í beygingu, einkum nafnorða með greini, geta bæst við eitt til þrjú atkvæði (*efnahernaðartilraunastöðvarinnar*, ef. et. m.gr.) og þetta er rétt að hafa í huga við myndun samsettra orða í lengri kantinum.

II. Afleiðsla

Afleiðsla er mikilvæg orðmyndunaraðferð í íslensku og hefur verið frá fyrstu tíð. Með afleiðslu er átt við að einhver orðstofn eða rót, sem til er í málinu, fær annaðhvort framan á sig forskeyti eða aftan á sig viðskeyti. Forskeyti og viðskeyti geta ekki verið sérstök orð ein og sér.

Dæmi um afleiðslu með forskeyti er *samtal*, úr forskeytinu *sam-* og rótinni *tal*.

Dæmi um afleiðslu með viðskeyti er *sigling*, úr rótinni *sigl-* (sbr. að *sigla*) og viðskeytinu *-ing*.

Forskeyti

Eftirfarandi listi sýnir nokkur algeng forskeyti, ásamt dæmum. Hér má sjá ýmis hinna algengustu forskeyta en lesendur verða að hafa í huga að listinn er ekki alveg tæmandi. Þau forskeyti, sem hér eru talin, má öll nota til að búa til nafnorð og eins og dæmin sýna geta þau flest gagnast líka við gerð sagnorða og lýsingarorða. Ef hægt er að mynda sagnorð eða lýsingarorð eru gefin um það dæmi í eftirfarandi lista; vanti dæmi er það til merkis um að slík myndun sé ekki tíðkuð með viðkomandi forskeyti.

<i>aðal-</i>	<i>aðalatriði</i>
<i>al-</i>	<i>albróðir, alkristna, algóður</i>
<i>and-</i>	<i>andstæðingur, andmæla, andstæður</i>
<i>auð-</i>	<i>auðkenni, auðvelda, auðskiljanlegur</i>
<i>einka-</i>	<i>einkatölva, einkavæða</i>
<i>endur-</i>	<i>endurtekning, endurvinna, endurkræfur</i>
<i>fjar-</i>	<i>fjarstýring, fjarstýra, fjarskyldur</i>
<i>fjöl-</i>	<i>fjöltengi, fjölfalda, fjölær</i>
<i>for-</i>	<i>forhitari, forhita, forspár</i>
<i>frum-</i>	<i>frumburður, frumsemja, frumvaxta</i>
<i>ger-/gjör-</i>	<i>gereyðing, gereyða, gerólíkur (eða gjör-)</i>
<i>meðal-</i>	<i>meðaltal, meðalstór</i>
<i>megin-</i>	<i>meginstefna</i>
<i>mis-</i>	<i>misskilningur, misskilja, misdjúpur</i>
<i>of-</i>	<i>ofát, ofætla, ofvirkur</i>
<i>ó-</i>	<i>ómanning, ónýta, ólatur</i>
<i>sam-</i>	<i>samband, sameina, samfelldur</i>
<i>sí-</i>	<i>sísnævi, sírita, sígrænn</i>
<i>tor-</i>	<i>tortryggni, tortryggja, torlæs</i>
<i>van-</i>	<i>vanefndir, vanvirða, vansæll</i>
<i>ör-</i>	<i>örtölva, örvænta, örsnauður</i>

Merking forskeytanna, sem hér voru talin, er í flestum tilvikum lifandi í hugum málnotenda, a.m.k. einhver vitund um merkingarsviðið í stórum dráttum. Í listanum hér fyrir ofan var reynt að velja dæmi sem gætu sýnt merkingarhlutverk forskeytanna. Þess er vænst að dæmin nægi til að gefa rétta hugmynd um notkunina.

Fyrir kemur að forskeyti getur haft fleiri merkingar en eina; t.d. hefur forskeytið *ör-* ýmiss konar merkingu: „eitthvað mjög smátt“, sbr. *örtölva*, „mjög lítil tölva“; neitandi, sbr. *örvænta*, „vænta einskis, gefa upp alla von“; til áherslu, sbr. *örsnauður*, „mjög snauður, bláfátækur“.

Hafa verður í huga að stundum líta forskeyti út eins og rætur eða stofnar einhverra orða annarrar merkingar, t.d. *aðal-* í *aðalborinn*, *al-* í *alur*, *and-* í *andlegur*, *auð-* í *auðmaður*, *for* (kv.: *forin*), *frum-* í *fruma*, *ger-* (*gjör-*) í sagnorðinu *gera* (*gjöra*), *meðal* (hk.: *meðalið*), *-megin* í *bakborðsmegin* o.fl., *van-* í *vanur*, *ör* (kv.: *örin*, lo.: *örir*, *örar*) o.s.frv. Í tilvikum sem þessum verður að gæta sín á því að rugla ekki saman ólíkum merkingarviðum.

Viðskeyti

Um eftirfarandi viðskeyti

Hér á eftir verða talin upp ýmis orðmyndunarviðskeyti, ásamt dæmum. Lesendur gæti að því að þetta er alveg ekki tæmandi upptalning (ýtarlegri listi er hjá Alexander Jóhannessyni 1927). Þess var gætt að hafa þau viðskeyti með sem virðast vera algengust samkvæmt tíðnikönnun Eiríks Rögnvaldssonar (1986). Þá fljóta líka með ýmis viðskeyti sem geta reynst orðasmiðum gagnleg þótt ekki teljist þau algeng.

Viðskeyti til að búa til nafnorð

<i>-ald</i>	<i>kafald</i>
<i>-and(i)</i>	<i>nemandi</i>
<i>-ar(i)</i>	<i>kennari</i>
<i>-d</i>	<i>grimmd</i>
<i>-dóm(ur)</i>	<i>sjúkdómur</i>
<i>-ð</i>	<i>tryggð</i>
<i>-erni</i>	<i>hátterni</i>
<i>-i(r)</i>	<i>hlutleysi, lækni</i>
<i>-il(l)</i>	<i>sendill</i>
<i>-ildi</i>	<i>rifrildi</i>
<i>-indi</i>	<i>sannindi</i>
<i>-ing/(i)(ur)</i>	<i>sending, aumingi, kylfingur</i>
<i>-leik(i)(ur)</i>	<i>sennileiki, fróðleikur</i>
<i>-ling(ur)</i>	<i>stráklingur</i>
<i>-nað(ur)</i>	<i>verknaður</i>
<i>-neskj(a)</i>	<i>flatneskja</i>
<i>-ni</i>	<i>keppni</i>
<i>-ning/(ur)</i>	<i>talning, ruðningur</i>
<i>-sk(a)</i>	<i>gleymska</i>
<i>-skap(ur)</i>	<i>búskapur</i>
<i>-sl/(i)(a)</i>	<i>þyngsl (þyngsli), kennsla</i>
<i>-t</i>	<i>mýkt</i>
<i>-uð(ur)</i>	<i>könnuður</i>
<i>-un</i>	<i>söltun</i>
<i>-und</i>	<i>áttund</i>
<i>-ung/(i)(ur)</i>	<i>sundrung, sýslungi, glerungur</i>

-ald

kafald

Viðskeytið *-ald* er ekki mjög algengt í nútímamáli en það má nota til að búa til hvorugkynsorð. Orð af því tagi hafa oft hlutræna merkingu. Stundum eru orð með *-ald* mynduð af sagnorðum, t.d. *rambald* af *ramba*, *rekald* af *reka*, og stundum af nafnorðum, t.d. *hrúgald* af *hrúga*, *folald* af *foli*.

-and(i)

nemandi

Viðskeytið *-and(i)* er mjög oft notað í nafnorðum sem dregin eru af sagnorðum og tákna geranda verknaðarins sem í sögninni felst: *þýðandi* þýðir, *neytandi* neytir og þar fram eftir götunum. Fyrir kemur að orðið tákni ekki manneskju, t.d. *sitjandi*. Nokkur orð, sem hafa viðskeytið *-andi*, eru upprunalega kvenkyns, t.d. *gróandi*, *hrynjandi* o.fl., en eru nú stundum höfð í karlkyni og beygð eins og orðið *nemandi*.

-ar(i)

kennari

Viðskeytið *-ar(i)* er mjög algengt að nota í sama skyni og *-and(i)*, þ.e. til að smíða gerandaheiti. Heiti með *-ar(i)* geta bæði tekið til manna og tækja. *Þurrkari* þurrkar, *rakari* rakar og feiknamörg önnur dæmi má nefna.

-d

-ð

-t

grimmd

tryggð

mýkt

Tannhljóðsviðskeytin *-d*, *-ð*, *-t* eru öll af sama uppruna. Þau eru m.a. gjarna notuð til að mynda nafnorð af lýsingarorðum. Þannig varð til *þyngd* úr *þungur*, *slægð* úr *slægur*, *dýpt* úr *djúpur*. Þau má líka nota til að búa til nafnorð úr sögnum. Þannig varð til *byggð* úr *byggja*, *fylgd* úr *fylgja* o.s.frv. en dæmi um *-t* í orðum af þeirri gerð, t.d. *nægt* (sbr. *allsnægtir*) af *nægja*, eru heldur sjaldgæfari.

-dóm(ur)

sjúkdómur

Viðskeytið *-dómur* er notað til að mynda nafnorð af lýsingarorðum (*kristindómur*, *vísdómur*) eða af öðrum nafnorðum (*biskupsdómur*, *manndómur*). Þetta viðskeyti er svólítið varasamt í notkun vegna hættunnar á að merking nafnorðsins *dómur*, sbr. so. *dæma*, valdi ruglingi.

-erni

hátterni

Viðskeytið *-erni* er notað til að leiða hvorugkynsnafnorð af öðrum nafnorðum (nema í orðinu *víðerni* af lýsingarorðinu *víður*), t.d. *bróðerni*, *faðerni*, *lífern*, *þjóðerni*, *ættarni*.

-i(r)

hlutleysi

læknir

Viðskeytið *-i* er mjög oft á ferðinni við myndun sterkra hvorugkynsorða og veikra kvenkynsorða. Dæmi: *veldi* (af *vald*), *leti* (af *latur*). Þessa leið til orðmyndunar má m.a. sjá í síðari lið samsetninga með *-fýsi*, *-læti*, *-ræði*, *-lyndi*, *-leysi*, *-semi*, *-vísi* (sbr. ræturnar *fús*, *lát-*, *ráð-*, *lund*, *laus*, *sam-*, *vís*), t.d. *sáttfýsi*, *bráðlæti*, *sjálfræði*, *mislyndi*, *siðleysi*, *sparsemi*, *réttvísi*. Eins og sjá má eru lýsingarorðaviðskeytin *-látur* og *-samur* (sjá hér á eftir) meðal þeirra liða sem *-i* er skeytt á og út af fyrir sig mætti kalla „útkomuna“ *-læti* og *-semi* sérstök viðskeyti. Ýmsir aðrir liðir með viðskeytinu *-i* eru býsna algengir sem seinni liðir í samsetningum án þess að vera sjálfstæð orð nema þá e.t.v. í fjarlægri merkingu (sbr. umræðu um slík orð í kaflanum um samsetningu). Þannig eru t.d. orð með *-leysi* einkar algeng. Nefna má sem dæmi *hugsunarleysi*, *máttleysi*, *rafmagnsleysi*, *veiðarfæraleysi* o.m.fl. sem leidd eru af lýsingarorðsliðnum *-laus* (einnig eru til ýmis kvenkynsorð með *-leysa*, t.d. *vitleysa*, *smekkleysa*, *lyfleysa*, *lögleysa*). Nafnorð með *-i* eru einmitt mjög oft huglægrar merkingar og mynduð af lýsingarorðum. Dæmi: *frelsi* (sbr. *frjáls*), *gleði* (af *gláður*), *prýði* (af *prúður*), *speki* (af *spakur*) o.s.frv. Sjá einnig hér á eftir um orðmyndun með *-ni* af lýsingarorðum sem enda á *-inn*.

Þegar *-i(r)* er notað til að búa til karlkynsorð eru það oft nafnorð dregin af sagnorðum og merkja geranda verknaðarins sem í sögninni felst, sbr. orð með *-and(i)* og *-ar(i)*. Slík orð geta bæði tekið til fólks og dauðra hluta. *Læknir* læknar, *geymir* geymir o.s.frv. Önnur orð með *-i(r)* eru t.d. *hellir* og fjöldi nafna, s.s. *Sverrir*, *Skírnir* o.fl.

-il(l)

sendill

Viðskeytið *-il(l)* virðist í nútímamáli vera notað til að búa til ýmis nafnorð, oft af sagnorðum. Merkingarsamband afleidda orðsins við orðið, sem það er leitt af, er misjafnt. Nefna má þessi orð sem dæmi: *ferill* (af *fara*), *gerill* (af *gera*), *sendill* (af *senda*), *sýkill* (af *sýkja*), *vindill* (af *vinda*). Stundum eru orðin leidd af öðrum nafnorðum, t.d. *kistill* (af *kista*), *trymbill* (af *trumba*).

Hliðstæð viðskeyti eru *-all* (*staðall*, *vaðall*, *þumall*) og *-ull* (*böggull*, *jökull*, *stuðull*). Þau eru mun sjaldgæfari en *-ill* en geta einnig komið að góðum notum.

-ildi

rifrildi

Viðskeytið *-ildi* er ekki mjög algengt en getur komið sér vel í orðmyndun. Algengustu orðin með *-ildi* eru líklega *rifrildi* og *fiðrildi*; önnur vel þekkt orð eru t.d. *þunnildi* og *þykkildi* og þá má nefna orðið *skrípildi*.

-indi

sannindi

Flest orð með *-indi* eru hvorugkynsorð í fleirtölu, leidd af lýsingarorðum: *harðindi*, *illindi*, *réttindi*, *rangindi*, *vísindi* o.fl. Orð á borð við *hlunnindi* og *tíðindi* eru leidd af nafnorðum.

-ing/(i)(ur)

sending

Viðskeytið *-ing* er mjög oft notað þegar nafnorð eru mynduð af sagnorðum og merkja athöfnina sem sögnin lýsir: *kæling* er „það að kæla“, *lending* er „það að lenda“ o.s.frv. Nafnorð með viðskeytinu *-ing* geta einnig haft hlutkennda merkingu; t.d. getur *sending* merkt „það sem sent er“; *fjarstýring* merkt „tæki sem notað er til að fjarstýra einhverju“ og þar fram eftir götunum. Athuga umfjöllun hér á eftir um val milli viðskeytanna *-ing* og *-un* við gerð verknaðarheita af sögnum. Viðskeytið *-ing* kemur ekki eingöngu fyrir við orðmyndun af sögnum; það má t.d. einnig sjá í *kerling* af *karl*, *glæring* af *glæra* („smáblossi, logi“) og *illing* („neyð; illska“) af *illur*.

aumingi

kylfingur

Karlkynsorð með viðskeytinu *-ing* enda á *-ingi* og *-ingur*.

-ingi táknar venjulega manneskju með einhvern þann eiginleika sem fram kemur í rótinni sem viðskeytið er sett á. Nefna má sem dæmi orðin *hirðingi*, *ræningi*, *ættingi*, o.fl.

-ingur er mjög algengt. Það má nota til að búa til orð sem merkja jafnt hluti og hugtök sem lifandi verur. Dæmi: *gæðingur*, *Íslendingur*, *vellingur*, *vitleysingur*, *þvættingur*.

Sjá einnig hér aftar umfjöllun um *-ling(ur)* og *-ning/(ur)* sem orðin eru sjálfstæð viðskeyti.

-leik(i)(ur)

sennileiki

fróðleikur

Viðskeytið *-leik(i)(ur)* er aðallega notað til að mynda hugmyndaheiti af lýsingarorðum og orðin eru ýmist veikrar beygingar (*fullkomleiki* af *fullkominn*, *skyldleiki* af *skyldur*, *eðlileiki* af *eðlilegur* o.s.frv.) eða sterkrar beygingar (*fróðleikur* af *fróður*) eða báðar leiðir farnar (*sannleiki* og *sannleikur* af *sannur*).

-ling(ur)

stráklingur

Viðskeytið *-lingur* hefur oft smækkandi merkingu. *Disklingur* er þannig myndað af *diskur*, *þyrsklingur* af *þorskur*, *ritlingur* af *rit* o.fl. Í öðrum dæmum eru merkingarvenslin með einhverjum öðrum hætti, t.d. í *sjúklingur* af *sjúkur*, *sendlingur* af *sandur* o.m.fl. Langoftast eru orðin dregin af nafnorðum eða lýsingarorðum.

-nað(ur)

verknaður

Viðskeytið *-nað(ur)* mun upprunalega hafa verið *-að(ur)* og notað til að leiða nafnorð af sagnorðum sem höfðu endinguna *-na*. Þá endingu má sjá í sumum sagnorðum, t.d. *fagna*. Af því var leitt orðið *fagnaður*. Frá sjónarhóli nútímamanna virðist þó oft vera eðlilegra að telja viðskeytið vera *-nað(ur)* og að það bætist sem slíkt aftan á rætur nafnorða eða sagnorða. Á þann hátt má hugsa sér að *dugnaður* sé leitt af *dug(ur)*, *fatnaður* af *föt*, *fénaður* af *fé*, *getnaður* af *geta*, *hernaður* af *her*, *klæðnaður* af *klæð(i)*, *kostnaður* af *kost(a)*, *lifnaður* af *lif(a)*, *þjófnaður* af *þjóf(ur)* o.s.frv.

-neskj(a)

flatneskja

Líklega er viðskeytið upprunalega *-eskj(a)* en vegna orða með *n* í stofni, s.s. *vitn+eskja*, er nú jafnan litið svo á að það sé *-neskj(a)*. Hugsanlega mætti þó eins skoða *-n-* hér sem innskeyti. Fleiri dæmi: *harðneskja*, *líkneskja* (einnig *líkneski*).

-ni

keppni

Viðskeytið *-ni* er einkum notað til þess að búa til kvenkynsnafnorð, sér í lagi af lýsingarorðum sem enda á *-inn*. Þetta er í raun og veru sams konar orðmyndun og nefnd var hér á undan með viðskeytinu *-i* við gerð veikra kvenkynsorða af öðrum tegundum lýsingarorða (*gleði* af *gladur* o.s.frv.). Þannig er orðið *feimni* myndað af lýsingarorðinu *feiminn*, *fælni* af *fælinn*, *hlýðni* af *hlýðinn*, *væmni* af *væminn* og fjarskalega mörg fleiri. Ýmis nafnorð hafa verið mynduð með viðskeytinu *-ni* af lýsingarorðum sem þó enda ekki á *-inn*, t.d. *blindni* af *blindur*, *stífni* af *stífur*, *-drægni* af *-drægur* og *færni* af *fær*.

-ning/(ur)

talning

ruðningur

Oft eru orð með viðskeytinu *-ning* upprunalega dregin af lýsingarháttum sem enda á *-inn*, t.d. *talning* af *talinn*, *ráðning* af *ráðinn*. Þau geta einnig verið mynduð með hliðsjón af slíkum orðum. Þannig hafa orðin *málning*, *skráning* o.fl. ekki lýsingarhætti með *-inn* á bak við sig. Karlkynsorð með *-ning(ur)* eru einnig nokkuð algeng, t.d. *mulningur*, *núningur*, *troðningur* o.fl.

-sk(a)

gleymska

Viðskeytið *-sk(a)* kemur fyrir í ýmsum kvenkynsorðum, t.d. *bernska*, *dirfska*, *flónska*, *mælska* o.s.frv. Talsvert er um að þau samsvari lýsingarorðum með *-sk*, sjá hér aftar.

-skap(ur)

búskapur

Með *-skap(ur)* eru mynduð nafnorð um eiginleika, atferli, ástand o.fl.; *hetjuskapur*, *hrottaskapur*, *klíkuskapur*, *kunningsskapur*, *saumaskapur* o.s.frv.

-sl/(i)(a)

þyngsl(i)

kennsla

Viðskeytið *-sl* er bæði notað við gerð hvorugkynsorða (oft fleirtöluorða) og kvenkynsorða en hið síðarnefnda er sennilega algengara. Orðin geta verið gerð af rótum sagnorða eða lýsingarorða; oftar sagnorða. Hvorugkynsorðin enda á *-sl* eða *-sli*, t.d. *kennsl* af *kenna* („þekkja“), *meiðsl(i)* af *meiða*, *tengsl(i)* af *tengja*. Kvenkynsorðin enda langoftast á *-sla* og eru leidd af nafnháttum sagna, t.d. *brennsla* af *brenna*, *færsla* af *færa*, *skýrsla* af *skýra*, *neysla* af *neyta*, *vinnsla* af *vinna* og mörg fleiri.

-uð(ur)

könnuður

Viðskeytið *-uð(ur)* er stundum notað til að búa til gerandaheiti af sagnorðum. *Könnuður* kannar, *hönnuður* hannar.

-un

söltun

Viðskeytið *-un* er ákaflega algengt í myndun verknaðarnafnorða af sögnum. *Vökvun* er „það að vökva“, *könnun* er „það að kanna“ o.s.frv. Athuga umfjöllun hér á eftir um val milli viðskeytanna *-ing* og *-un*.

-und

áttund

Viðskeytið *-und* hefur nýst vel við að mynda nafnorð af töluorðum, s.s. *þríund*, *fimmund*, *tíund* o.s.frv. Það kemur einnig fyrir í orðum á borð við *tegund*, *vitund*, *öfund* o.fl.

-ung/(i)(ur)

sundrung

sýslungi

glerungur

Viðskeytið *-ung* (tilbrigðin eru *-ung*, *-ungi* og *-ungur*) er allalengt, einkum í karlkynsorðum sem enda á *-ungur*. Með *-ung* getum við gert kvenkynsnafnorð; oft af lýsingarorðum, t.d. *djörfung* af *djarfur*, *nýjung* af *nýr* o.s.frv. en stundum af nafnorðum, t.d. *háðung* af *háð*. Með *-ungi* má gera karlkynsnafnorð. Þau virðast helst vera leidd af öðrum nafnorðum: *sveitungi* af *sveit* og nokkur fleiri. Með *-ungur* eru einnig gerð karlkynsnafnorð. Þau eru oftast mynduð af öðrum nafnorðum en finna má dæmi um myndun af öðrum orðflokkum: *blöndungur*, *fjórðungur*, *glerungur*, *kotungur*, *þörungur*. Dæmi eru um að *-ungur* hafi smækkunarmerkingu, t.d. *piltungur*.

Hvort á að nota *-ing* eða *-un*?

Viðskeytin *-ing* og *-un* eru trúlega einna virkust við gerð verknaðarheita af sögnum í íslensku. En hvort þeirra á að velja? Hafa má þá reglu til viðmiðunar að ef sögnin endar á *-aði* í þátíð (*vökvaði*, *kannaði* o.s.frv.) sé yfirleitt eðlilegra að mynda nafnorð með viðskeytinu *-un*: *vökvun*, *könnun*. Ef sögnin endar á *-di* eða *-ti* eða *-ði* (ekki *-aði*) (*kældi*, *lenti*, *beygði*) er hins vegar oftast eðlilegra að mynda nafnorð með *-ing*: *kæling*, *lending*, *beyging*. Ef sögnin er sterk, þ.e. aðeins eitt atkvæði í þátíð (*lék*, *skar* o.s.frv.), er yfirleitt ekki eðlilegt að mynda verknaðarheiti með viðskeytunum *-ing* eða *-un* heldur á einhvern annan hátt: *leikur* er „það að leika“, *skurður* er „það að skera“ (alls ekki „leikun“/„leiking“ eða „skerun“/„skering“). Þó geta *-ing* (og *-ning*) stöku sinnum komið til greina með sterkum sögnum (*binding*, *kosning*).

Viðskeyti til að búa til sagnorð

Langflest sagnorð enda á *-a* og á þann hátt má oft leiða þau beint af öðrum orðum, með eða án hljóðbreytinga: *grýta* (sbr. *grjót*), *heiðra* (sbr. *heiður*), *sæma* (sbr. *sómi*), *þéra* (sbr. *þér*). Svokallaðar orsakarsagnir eru veikar sagnir myndaðar af annarri kennimynd sterkra sagna, t.d. *feykja*, sbr. *fjúka* – *fauk*; *beita*, sbr. *bíta* – *beit*; *færa*, sbr. *fara* – *fór* o.s.frv.

Margar veikar sagnir eru myndaðar með *-ga* og *-ka* af nafnorða- eða lýsingarorðarótum: *auðga*, *blóðga*, *blómga(st)*, *fjölga*, *lífga*, *nauðga*, *ráðga(st)*, *ryðga*, *saurga*, *syndga*; *blíðka*, *dýpka*, *grænka*, *kveinka*, *þrælka* o.s.frv.

Fjöldamargar sagnir eru myndaðar með *-na*, m.a. með hliðsjón af lýsingarorðum og af öðrum sagnorðum, og merkja breytingu á ástandi: *dökkna*, sbr. *dökkur*, *fúlna* sbr. *fúll*, *gildna* sbr. *gildur*; *lífna* sbr. *lífna*, *sofna* sbr. *sofa*, *vakna* sbr. *vaka*; *bogna* sbr. *boginn*, *rofna* sbr. *rofinn*, *þiðna* sbr. *þiðinn* o.s.frv.

Enn fremur má hafa í huga sagnviðskeytin *-la* (*söngla*), *-ra* (*flögra*), *-sa* (*hugsa*) og *-ta* (*neita*).

Viðskeyti til að búa til lýsingarorð

Eftirtalin tíu viðskeyti eru algeng við myndun lýsingarorða:

<i>-in(n)</i>	<i>heppinn</i>
<i>-lát(ur)</i>	<i>dramblátur</i>
<i>-leg(ur)</i>	<i>mannlegur</i>
<i>-nesk(ur)</i>	<i>gotneskur</i>
<i>-ótt(ur)</i>	<i>blettóttur</i>
<i>-ræn(n)</i>	<i>vélrænn</i>
<i>-sam(ur)</i>	<i>friðsamur</i>
<i>-sk(ur)</i>	<i>íslenskur</i>
<i>-ug(ur)</i>	<i>slímugur</i>
<i>-ul(l)</i>	<i>spurull</i>

-in(n) **heppinn**

Viðskeytið *-in(n)* er fjarskalega algengt í lýsingarorðum. Með því eru myndað lýsingarorð af nafnorðum, t.d. *lyginn* af *lygi*, en oftast þó af sagnorðum, t.d. *fælinn* af *fæla*, *hlýðinn* af *hlýða*, *ýtinn* af *ýta* o.fl. Merkingin er oft „sem hefur tilhneigingu til“.

-lát(ur) **dramblátur**

Viðskeytið *-lát(ur)* merkir oft að hegðun sé í samræmi við merkingu orðsins sem það er sett aftan á. Sem dæmi má nefna *hreinlátur*, *þakklátur*.

-leg(ur)

mannlegur

Viðskeytið *-leg(ur)* er líklega algengasta viðskeytið í íslensku. Með því má mynda lýsingarorð af nafnorðum (*geðslegur*, *skrautlegur*), sagnorðum (*breytilegur*) eða öðrum lýsingarorðum (*fljótlegur*).

-nesk(ur)

gotneskur

Með *-nesk(ur)* eru einkum búin til lýsingarorð um þjóðir: *rússneskur*, *persneskur*. Einnig er til í dæminu að mynda lýsingarorð annarrar merkingar: *jarðneskur*. Líklega er viðskeytið upprunalega *-esk(ur)* en vegna orða með *n* í stofni, s.s. *himn+eskur*, má telja það virkt sem *-nesk(ur)* í nútímamáli.

-ótt(ur)

blettóttur

Viðskeytið *-ótt(ur)* er fremur algengt. Með því eru mynduð lýsingarorð af nafnorðum. Merkingin er „sem hefur að geyma eða einkennist af“. *Blesóttur* er með blesu, *gáróttur* er með gárur, *fjöllóttur* einkennist af fjöllum o.s.frv.

-ræn(n)

vélrænn

Viðskeytið *-ræn(n)* er notað til að mynda lýsingarorð af nafnorðum; líka eru til dæmi um myndun af atviksorðum og fornöfnum. Viðskeytið var upphaflega *-ænn* en *r*-ið úr stofni orða á borð við *austur* og *vestur* (*aust(u)r-ænn*, *vest(u)r-ænn*) rann þar saman við *-ænn* og olli því að Íslendingar eru fyrir löngu farnir að skynja viðskeytið sem *-rænn*. Þess vegna er það nú aðeins virkt í þeirri mynd, *-rænn*. Merkingu viðskeytisins má ráða af dæmunum: *vélrænn* er myndað af *vél*, *sálrænn* af *sál*, *vefrænn* af *vefur*, *austrænn* af *austur*, *einrænn* af *einn*, *listrænn* af *list* o.s.frv.

-sam(ur)

friðsamur

Orð með *-sam(ur)* eru í flestum tilvikum mynduð af nafnorðum, t.d. *kvensamur*, *hávaðasamur*. Stundum er *-leg(ur)* bætt við og eru þá til orðin lýsingarorð með tveimur viðskeytum, t.d. *skynsamlegur*, *sómasamlegur*, *vinsamlegur*.

-sk(ur)

íslenskur

Viðskeytið *-sk(ur)* er sennilega best þekkt í myndun lýsingarorða af þjóðaheitum og örnefnum, t.d. *danskur*, *breiðdælskur*, en einnig má nefna *heimskur*, *þrjóskur* o.fl.

-ug(ur)

slímugur

Viðskeytið *-ug(ur)* er allalengt í lýsingarorðum og sennilega vel virkt í nútímamáli: *minnugur, öflugur, snjóugur, blóðugur* o.s.frv. Það hefur einkum tvær merkingar. Annars vegar merkir það „gæddur“ (því sem stofninn segir til um), sbr. *minnugur*, og hins vegar „þakinn, ataður“, sbr. *snjóugur*.

-ul(l)

spurull

Viðskeytið *-ul(l)* er gjarna notað til að búa til lýsingarorð af sagnorðarótum og merkir yfirleitt „sá sem gerir mikið“ (að því sem sagnorðið segir), t.d. er *þögull* sá sem þegir mikið, *spurull* er sá sem margs spyr, *svikull* hefur á sér orð fyrir að svíkja o.s.frv.

Breytileg hljóð í skyldum orðum

Í því sem fyrr sagði um afleiðslu mátti oft sjá dæmi um breytingar á hljóðum, einkum sérhljóðum, í rótum orðanna, sbr. *þungur – þyngd, kanna – könnun* o.fl. Slík hljóðatilbrigði eru nokkuð regluleg í íslensku. Vegna forsögulegra hljóðbreytinga urðu til í málinu ákveðin mynstur sem við getum enn litið á sem fyrirmyndir við nýyrðagerð. Til þess að glöggva sig aðeins á því sem þarna er á ferðinni verður hér fjallað í örstuttu máli um helstu gerðir af tilbrigðum sem til greina koma og reynt, eftir því sem unnt er í stuttu máli, að lýsa því við hvaða aðstæður breytileikans er helst að vænta.

Fyrst er ekki úr vegi að geta þess að stundum hefur viðskeyti í för með sér að stofn styttist. Maður frá Ísafirði er ekki „Ísafirðingur“ heldur *Ísfirðingur*. Granni hans í Bolungarvík er ekki „Bolungarvíkingur“ heldur *Bolvíkingur*. Sá fyrrnefndi er *ísfirskur*, ekki „ísafirskur“, sá síðarnefndi *bolvískur*, ekki „bolungarvískur“.

Breytileg sérhljóð í rótum eða stofnum orða endurspeglar reglulegar hljóðbreytingar og hljóðavíxl sem urðu á eldri stigum málsins en skilja eftir sig merki, einkum í beygingu ýmissa orða og í tengslum skyldra orða.

Sérhljóðavíxl urðu einkum með fernum hætti og eru kölluð *i*-hljóðvarp, *u*-hljóðvarp, klofning og hljóðskipti.

I-hljóðvarp

Víxlin eru einkum þessi:

Jó, jú, ú skiptist á við *y*

U, o skiptist á við *y*

Au skiptist á við *ey*

Á, ó skiptist á við *æ*

A skiptist á við *e*

skjól – skýli, sjúkur – sýking, rúm – rými

þunnur – þynning, þorp – þyrpast

naut – geldneyti

lágur – lægð, hól – hælinn

Ísland – íslenskur

I-hljóðvarpshljóð koma gjarna þegar einhverri rót fylgir viðskeyti sem er *-i* eða hefst á *-i*, t.d. *-i/(r)*, *-ing/(i)(ur)*, *-il(l)*, *-in(n)*. Það á sér sögulega skýringu, sbr. nafngiftina: *i*-hljóðvarp. Dæmi: *veldi*, *ábætir*, *sýning*, *ræningi*, *ávæningur*, *ferill*, *heppinn*. Þó er ljóst að þetta er ekki undantekningarlaust, sbr. orðið *bandingi* (ekki „bendingi“). Einnig má oft sjá *i*-hljóðvarp á undan viðskeytunum *-d*, *-ð*, *-t*, *-ling(ur)*, *-sk(ur)* og *-sl/(i)(a)* en í slíkum tilvikum var raunar *-i-* til staðar á fyrra málstigi og olli hljóðvarpinu en það féll brott um leið og hljóðvarpið varð. Dæmi: *fullur* – *fylld*, *fara* – *ferð*, *mjúkur* – *mýkt*, *þorskur* – *þyrsklingur*, *þjóð* – *þýskur*, *þungur* – *þyngsli*.

U-hljóðvarp

Víxlin eru einkum milli *a* og *ö*.

hanna – *hönnuður*, *kalla* – *köllun*, *harmur* – *hörmung*, *blanda* – *blöndungur*, *standa* – *stöndugur*, *fara* – *förull*, *branda* – *bröndóttur*

Eins og nafngiftin bendir til og dæmin sýna verður þetta hljóðvarp gjarna á undan viðskeytum sem byrja á *-u*: *-uð(ur)*, *-un*, *-ung/(i)(ur)*, *-ug(ur)*, *-ul(l)*; og það verður einnig á undan *-ótt(ur)*.

Klofning

Klofning er fólgin í víxlum milli *i* eða *e* annars vegar og *ja* eða *jö* hins vegar.

Hafnfirðingur – *Hafnarfjörður*, *fell* – *fjall*

Hljóðskipti

Hljóðskipti eru nokkuð margvísleg sérhljóðavíxl sem eiga sér ævafornar rætur. Þau eru einkum sýnileg í beygingu sterkra sagna en málið hefur að geyma ýmsar orðafjölskyldur þar sem orð tengjast innbyrðis eftir hljóðskiptaleiðum.

Hljóðskipti koma oft fyrir þegar orð er myndað af orði sem tilheyrir öðrum orðflokki og einnig þegar orð er leitt af orði úr sama orðflokki en hefur aðra merkingu eða beygingu eða hvort tveggja.

Nafnorðið *leit* tengist sögninni *líta* með þessum hætti; einnig er *-lit* í orðinu *andlit* leitt af sömu rót með hljóðskiptum.

Nefna má sem nýlegt dæmi um gagnsemi þess að nota hljóðskipti sem fyrirmynd í nýyrðagerð að þekkt hljóðskiptaferli var notað við smíði á nýyrðinu *hlot*, sjá Halldór Halldórsson (1994). Danska orðið *legeme*, enska orðið *body* og þýska orðið *Körper* hafa merkingu í eðlisfræði sem er svo langt frá merkingu íslensku orðanna *líkami* og *hlutur* að ekki var talið eiga við að nota þau orð á sama hátt í íslensku íðorðakerfi. Dæmi: *et flydende legeme*, *a body of gas*, *ein Wasserkörper*. Skilgreining á því hugtaki, sem hér um ræðir, er „afmörkuð heild af efni í storkuham, vökvaham, gasham eða rafham“. Þarna vantaði eitthvert nýtt orð sem hefði aðra merkingu en *líkami* eða *hlutur*. Stungið var upp á orðinu *hlot* og að segja mætti t.a.m. *kolsýringshlot*, *vökvahlot*, *berghlot*. *Hlot* er, eins og orðið *hlutur*, dregið af sagnorðinu *hljóta*, líkt og *flot* af *fljóta*, *skot* af *skjóta* og *brot* af *brjóta*. Orðið *hlot* tengist orðinu *hlutur* þannig með hljóðskiptum samkvæmt 2. hljóðskiptaröð (sjá hér á eftir). Sem dæmi um fleiri skyld orð má nefna *hlotmast* og *leyti* (áður *hleyti*) í merkingunni „tími, skeið“.

Venjulega er gert ráð fyrir 7 mismunandi aðalferlum eða „hljóðskiptaröðum“:

- | | |
|----------------------------------|---|
| 1. <i>i - ei - i</i> | <i>líta – leiti („hóll“) – andlit</i> |
| 2. <i>jó, jú, ú - au - u - o</i> | <i>ísbrjótur – akbraut – brutum – brot</i> |
| 3. <i>e, i - a - u - o, u</i> | <i>brestur – brast – brustum – brostinn</i> |
| 4. <i>e - a - á - o, u</i> | <i>nemandi – nam – náma – uppnuminn</i> |
| 5. <i>e, i - a - á</i> | <i>gefa – gaf – gáfa</i> |
| 6. <i>a - ó</i> | <i>taka – tók</i> |
| 7. <i>á - ó</i> | <i>rámur – rómur</i> |

Þau hljóð, sem fram koma í hljóðskiptum, geta orðið fyrir *i*-hljóðvarpi, *u*-hljóðvarpi og klofningu. Með þeim hætti geta orðafjölskyldurnar orðið enn fjölbreyttari en niðurstaðan úr hljóðskiptunum einum bendir til. Þannig tengist *au* í *akbraut ey*-inu í orðinu *breyting* vegna *i*-hljóðvarps; *endurtekning* tengist orðinu *taka* á sama hátt og enn eru slík tengsl milli orðanna *gáfa* og *gæfa*. *Gaf* og *göfugur* tengjast vegna *u*-hljóðvarps og *gefa* tengist orðinu *gjöf* með klofningu.

III. Orð fær nýja merkingu

Nota má eldra orð úr málinu sem heiti á nýju hugtaki. Að jafnaði eru einhver tengsl á milli eldri merkingar og hinnar nýju.

Alþekkt dæmi er *skjár* sem fyrr gat merkt „gegnisæ himna í glugga“ eða „auga“ en merkir nú jafnframt því „myndflötur sjónvarps eða birtitækis tölvu“. Annað dæmi er orðið *líkindi* sem í almennu máli merkir „það sem er líklegt“, sbr. orðasambandið *að öllum líkindum*, en í *Orðasafni úr tölfraði* (1990) hefur orðið sérfræðilega merkingu: „tala á bilinu 0 til 1 sem mælir hve líklegt er að tiltekinn atburður gerist“.

Þessi aðferð getur komið sér vel en þó einkum ef fyrri merking orðsins er orðin fátíð eða lítt þekkt í almennu máli eða ef merkingin á aðeins við í aðstæðum sem eru greinilega frábrugðnar því sem á við um nýju merkinguna. Þá er hverfandi hætt á misskilningi enda taki samhengi innan textans að jafnaði af allan vafa. Hafa má í huga að grundvallarmunur getur verið á almennum og sérhæfðum texta, sbr. dæmið um *líkindi* hér á undan.

Nauðsynlegt er að velta því vandlega fyrir sér áður en ákveðið er að fara þessa leið hvort af henni geti hlotist vandræði eða afdrifaríkur misskilningur.

IV. Erlent orð aðlagað

Enda þótt freistandi geti verið að grípa strax til erlends orðs þar sem íslenskt heiti vantar og aðlaga það íslensku eftir föngum ættu orðasmiðir fremur að byrja á að líta sér nær og reyna fyrir sér með þeim aðferðum sem nefndar eru hér á undan, þ.e. samsetningu, afleiðslu eða að gefa eldra orði nýja merkingu. Þær aðferðir minna á vissan hátt á endurvinnslu í umhverfismálum þar sem leitast er við að nýta eldri efnivið sem til fellur. En stundum háttar þannig til að það er fyrir fram sýnt að aðlögunarleiðin er heppilegust, t.d. í hinum fjölskrúðugu efnafræðiheimum o.fl.

Í þeim tilvikum þar sem besta lausnin er talin vera að taka upp erlenda orðstofna verður að gera þá kröfu að vandað sé til aðlögunar þeirra að íslenskum hljóðvenjum og beygingarvenjum. Fjöldamörg dæmi eru um aðlöguð, erlend tökuorð í íslensku máli, t.d. orðin *filma*, *keðja* og *tafla*. Ýmis dæmi má líka nefna um orð úr erlendum málum sem tekin hafa verið upp í íslensku án þess að hafa verið fyllilega aðlöguð málinu. Sem dæmi úr þeim hópi mætti nefna orðin *píanó* og *lager* sem „bera útlendan svip“ því að *-ó* og *-er* eru ekki hefðbundnar íslenskar endingar né viðskeyti. Einnig má nefna að mánaðaheitin í nútímamáli eru óbeygð.

En hvernig förum við að því að aðlaga útlendu orðin? Hvað þurfum við að gera við þau til að þau teljist viðunandi?

Þegar nafnorð er á ferðinni er brýnast að ákvarða því kyn, þ.e. kveða upp úr með það hvort það á að verða karlkyns, kvenkyns eða hvorugkyns. Þegar það hefur verið gert er orðið venjulega auðbeygt því að beygingarflokkar nafnorða skiptast í höfuðráttum fyrst og fremst eftir kynjum. Rétt er að fara yfir alla beygingu nafnorða. Eins og fyrr var nefnt er raunar eðlilegt að gera þetta við öll ný orð.

Næsta skref er að sjá til þess að ekki séu hljóð eða hljóðasambönd í orðinu sem ekki er hægt að sjá fyrirmyndir að í eldri íslenskum orðum. Þannig eiga engin orð að vera borin fram með dönsku y-hljóði eða ensku w-hljóði og engin orð ættu að enda á hljóðasambandinu -sj svo að dæmi séu nefnd. Bera ætti orðið *týpa* fram með venjulegu íslensku í-hljóði en ekki með „uí“-hljóði, *viskí* er borið fram með íslensku v-hljóði en ekki ensku w-hljóði og *kits* er haft með íslensku s-hljóði í lokin en ekki „sj“-hljóði. Upprunaleg, ósamsett, íslensk orð, fleiri en eitt atkvæði, hafa jafnan sérhljóðana *a*, *i* eða *u* í endingum (*kona*, *hellir*, *maður*) en ekki t.d. *e* eða *o* eða *ó*. Þess vegna minna orðin *lager*, *mótor*, *lottó* o.fl. í aðra röndina á samsett íslensk orð með einkvæðan síðari lið, t.d. *ölger*, *höggbor*, *grastó*, fremur en á ósamsett tveggja atkvæða orð (sbr. *læknir*, *matur*, *skotta* með endingarsérhljóðana *i*, *u*, *a* í síðara atkvæði).

Í framhaldi af þessu þarf að ákvarða ritháttinn. Þar skiptir allt máli, líka það sem sumum gæti virst vera smáatriði. Algengt dæmi um slíkt „smáatriði“ er hvort notað er *i* eða *í*, *u* eða *ú*, *o* eða *ó* o.s.frv., sbr. orðin *lúpína* og *saxófónn*. Að sjálfsögðu ber að hrista alla stafi af sér sem ekki tilheyra grunni íslenska stafrófsins: *c*, *q*, *w*, *á*, *ä* o.s.frv.

Ef vel er gætt að aðlöguninni geta erlend orð verið góð viðbót við íslenska orðaforðann. Mörg dæmi mætti nefna um erlend orð sem hafa verið aðlöguð mjög vel. Sláum botn í þessa umfjöllun með nokkrum slíkum: *sápa*, *nunna*, *planta*, *jeppi*, *metri*, *lítri*, *fursti*, *mynt*.

Heimildir

- Alexander Jóhannesson. 1927. *Die Suffixe im Isländischen*. Fylgir Árbók Háskóla Íslands 1927. Reykjavík.
- Baldur Jónsson. 1984. Samsett nafnorð með samsetta liði. Fáeinar athuganir. *Festskrift til Einar Lundeby 3. október 1984*. Ritstj. Bernt Fossetstøl, Kjell Ivar Vannebo, Kjell Venås og Finn-Erik Vinje. Bls. 158-174. Novus Forlag. Ósló.
- Baldur Jónsson. 1985. Ísländsk orðmyndun á inhemska grund. *Språk i Norden* 1985:5-12.
- Baldur Jónsson. 1987. Íslensk orðmyndun. *Andvari. Nýr flokkur* 29:88-102.
- Baldur Jónsson. 2002. Aðlögun tökuorða í íslensku. *Málgreinar. Afmælisrit Baldurs Jónssonar með úrvali greina eftir hann*. Rit Íslenskrar málnefndar 13. Bls. 219-233. Íslensk málnefnd. Reykjavík.
- Baldur Sigurðsson og Steingrímur Þórðarson. 1993. *Lykill að stafsetningu og greinarmerkjum*. Mál og menning. Reykjavík.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1986. *Nokkur viðskeyti og tíðni þeirra*. Skrá, dreift á samnefndum fyrirlestri á ráðstefnu Íslenska málfræðifélagsins, „Að orða á íslensku“, 8. nóvember 1986.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1990. *Íslensk orðhlutafræði. Kennslukver handa nemendum á háskólastigi*. 4. útgáfa. Málvísindastofnun Háskóla Íslands. Reykjavík.
- Gunnlaugur Ingólfsson. 1979. Lítið eitt um lýsingarorð sem enda á -ugur. *Íslenskt mál* 1:43-54.
- Halldór Halldórsson. 1950. *Íslensk málfræði handa æðri skólum*. Ísafoldarprentsmiðja hf. Reykjavík.
- Halldór Halldórsson. 1994. Hlot. Orðskýring í Orðasafni um jarðfræði eftir Orðanefnd byggingarverkfræðinga. *Vegamál*. Fylgirit 1/94.
- Höskuldur Þráinsson. 1995. *Handbók um málfræði*. Námsgagnastofnun. Reykjavík.
- Íslensk-dönsk orðabók*. 1920-1924 (ritstj. Sigfús Blöndal). Viðbætur 1963 (ritstj. Halldór Halldórsson og Jakob Benediktsson). *Bakstöðuorðaskrá*. 1994. Baldur Jónsson, Björn Ellertsson og Veturliði Óskarsson. Handrit. Íslensk málstöð. Reykjavík.
- Íslensk orðabók*. 2002. Mörður Árnason ritstj. Þriðja útgáfa, aukin og endurbætt. Edda. Reykjavík.
- Jón Hilmar Jónsson. 2001. *Orðastaður. Orðabók um íslenska málnotkun*. Önnur útgáfa, aukin og endurskoðuð. JPV-útgáfa. Reykjavík.
- Magnús Snædal. 1992. Hve langt má orðið vera? *Íslenskt mál* 14:173-207.
- Orðasafn úr tölfraði*. 1990. Orðanefnd á vegum Líftölfraðifélagsins og Aðgerðarannsóknafélags Íslands tók saman. Rit Íslenskrar málnefndar 5. Íslensk málnefnd. Reykjavík.
- Sigurður Konráðsson. 1988. *Orðmyndun í íslensku*. Handrit. Íslensk málstöð. Reykjavík.
- Þorsteinn G. Indriðason. 1994. *Regluvirkni í orðasafni og utan þess. Um lexíkalska hljóðkerfisfræði íslensku*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands. Reykjavík.

Útgefandi: Íslensk málnefnd
ISBN 9979-842-49-0